



## Minnisblað

Til: Velferðarnefndar Alþingis

Frá: Sjúkratryggingum Íslands

Dags. 9. desember 2019

Efni: Tillaga til þingsályktunar um gjaldfrjálsar krabbameinsmeðferðir, 37. mál

Vísað er til fyrirspurnar sem barst með tölvupósti þann 5. desember sl. Því miður hafa Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) enga möguleika á að finna umsóknir krabbameinssjúklinga þar sem ekki er haldið sérstaklega utan um sjúkdómsgreiningar þeirra sem leita þjónustu tannlækna.

Í 9. gr. reglugerðar nr. 451/2013, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar, segir: „Sjúkratryggingum Íslands er heimilt, að undangenginni umsókn, að greiða að fullu samkvæmt samningum eða gjaldskrá, kostnað við tannlækningar sem eru nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar sýkinga í tönnum og tannvegi á heilsu ónæmisbældra sjúklinga, svo sem sjúklinga með hvítblæði eða krabbamein á höfuð- eða hálssvæði, væntanlegra líffæraþega, sjúklinga sem þurfa mergskipti og sjúklinga með aðra sambærilega sjúkdóma“. Í gildi er samningur milli SÍ, Landspítala og Tannlæknadeildar HÍ (THÍ) um þjónustu við þessa sjúklinga.

Haldið er utan um umsóknir þeirra sem þjást af þeim sjúkdómum sem reglugerðin tilgreinir, og sem Landspítalinn vísar til THÍ, en ekki er haldið sérstaklega utan um umsóknir þeirra sem þjást af krabbameini. Á s.l. tíu árum hafa að meðaltali 27 slíkar umsóknir verið samþykktar:

Ár	Fjöldi sj.	Hluttur SÍ
2010	8	352.744
2011	26	379.470
2012	34	630.615
2013	23	387.863
2014	25	345.783
2015	23	358.788
2016	15	265.167
2017	30	1.311.617
2018	58	3.141.659
2019	30	2.519.600
Alls:	272	9.693.306

Alvarlegar afleiðingar á tannheilsu eru vel þekktur fylgikvilli eftir geislameðferð á höfuð eða hálssvæði. Geislun á aðra líkamshluta hefur ekki sömu afleiðingar. Lyfjameðferð vegna krabbameins getur m.a. valdið munþurrki sem aftur getur leitt til aukinna tannskemmda. Samkvæmt gildandi reglum eiga þeir rétt til greiðsluþátttöku SÍ, í kostnaði við nauðsynlega meðferð hjá tannlækni, sem eru með alvarlegar afleiðingar fæðingargalla, slysa eða sjúkdóma. SÍ greiða þá 80% af kostnaði, skv. gjaldskrá nr. 305/2014\* við meðferð sem miðar að því að lagfæra þann skaða sem sjúkdómur eða



**Sjúkratryggingar  
Íslands**

meðferð við honum hefur valdið. Við mat á slíkum umsóknum er m.a. stuðst við upplýsingar um ástand tanna áður en sjúkdómur greindist eða meðferð við honum hófst. Meðferð, sem er nauðsynleg vegna tannvanda sem upp var kominn áður en sjúkdómur greindist eða meðferð hófst, er ekki greidd af SÍ.

Að mati SÍ væri það mjög varhugavert að veita einum hópi sjúklinga rétt umfram aðra. Þannig ætti sjúkdómsgreining ekki að ráða við mat á greiðsluþátttöku SÍ vegna tannlækninga heldur mat á afleiðingum sem sjúkdómurinn hefur haft á tannheilsu viðkomandi.

\*) Athygli er vakin á því að gjaldskrá nr. 305/2014 er að mestu óbreytt frá árinu 2004. Þannig nemur endurgreiðsla SÍ, sem fer eftir gjaldskránni, aðeins um 20% af verði tannlæknis í stað þeirra 80% sem kveðið er á um í reglugerð nr. 451/2013. Það er því brýnt að fjármagn verði tryggt til þessa málaflokks þannig að unnt verði að semja um þjónustuna eða uppfæra gjaldskrána til verðlags í dag.